

Mánudaginn 3. marzmánadar.

Nr. 41/1901.

Þórður J. Thoroddsen

gegn

Kristjáni Ó. Þorgrímssyni fyrir hönd  
sýslumanns Franz Siemens.

D ó m u r:

Með gestaréttardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 5. ágústm. f. á., var áfrýjandinn Þórður læknir Thoroddsen dæmdur til að greiða hinum stefnda kaupmanni Kr. Ó. Þorgrímssyni fyrir hönd fyrverandi sýslumanns Franz Siemens skuld að uppbæð 70 kr. 4 a. með vöxtum 5 af hundraði frá 13. júní f. á. til borgunardags og 20 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir Þórður læknir Thoroddsen skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 30. sept. f. á., og krafist þess, að honum verði breytt þannig, að hann verði með eða án synjunareids alsýknaður af kröfum stefnda, og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi kaupmaður Kr. Ó. Þorgrímsson fyrir hönd fyrverandi sýslumanns Franz Siemen á hinn bóginn krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi.

Á uppboði á lausafé tilheyrandi protabúi Jóns Eyjólfssonar í Sjöbúð í Garði í Gullbringusýslu, sem haldið var 4. ágústm. 1893 af Franz Siemen sem hlutaðeigandi sýslumanni, keypti áfrýjandiinn Þórður J. Thoroddsen snáfisk og þorsk fyrir 163

kr. 50 a., og varð uppboðsskuld hans með innheimtugjaldi alls kr. 170,04, en sýslumaðurinn, Franz Siemsen, var innheimtumadur. Upp í skuld þessa borgaði áfrýjandinn 100 kr. hinn 1. ágúst 1897, en eftirstöðvarnar, kr. 70,04, telur stefndi enn óborgaðar, og hefir því samkvæmt innheimtu-umboði frá Franz Siemsen lögsótt áfrýjanda til greiðslu á þeim, og hefir héraðsdómarinn tekið kröfu hans til greina, eins og áður er sagt.

Áfrýjandinn hefir viðurkennt það, að hann hafi skuldað Franz Siemsen sem ettirstöðvar af uppboðsskuldinni 70 kr. 4 a. hinn 1. ágústm. 1897. En hann heldur því fram, að hann hafi sama haustið afhent Franz Siemsen reikning til sýslusjóðs Gullbringu- og Kjósarsýslu að upphæð kr. 80,90, fyrir ferðir, meðul og læknishjálp við hettusóttarsjúklinga, sem höfðu verið einangraðir að yfirvaldsbóði, og hafi hann ætlast til, að reikningsupphæð þessi gengi til borgunar á uppboðsskuldinni, og hafi sýslumaður lofað, að svo skyldi vera og greitt honum afganginn af reikningsupphæðinni í peningum. Hefir áfrýjandinn til stuðnings þessari sögu sögn sinni skírskotað til staðfestrar útskriftar úr reikningsviðskiftabók sinni, þar sem hann hefir við 1. okt. 1897 ritað: »Mér borgað af sýslumanni (Jón Eyj. + pen.) kr. 80,90«, og eiga innskotsorðin að benda til þess, að skuld til bús Jóns Eyjólfssonar (uppboðsskuldin) hafi verið kvittuð með reikningsupphæðinni. Sömuleiðis hefir hann til styrkingar skýrslu sinni tekið það fram, að þeir stefndi (sýslumaður Franz Siemsen) hafi gert upp öll viðskifti

þeirra á milli um það leyti er sýslumaður skilaði af sér sýslunni 1899, og hafi sýslumaður eftir þeirri uppgerð skuldað áfrýjanda tæpar 400 kr., sem hann hafi borgað sér að fullu, og hafi þó verið í þessum 400 kr. innieign áfrýjanda og annara, er hann átti að taka peninga fyrir, frá þessu sama búi, Jóns Eyjólfsssonar í Sjóbúð, sem uppboðsskuldin stafaði frá. Heldur áfrýjandi því fram, að þessi skuldauppgjörð og greiðsla sýni ljóslega, að sýslumaður hafi ekki talið til skuldar hjá sér þá (1899) og sít fyrir bú það, er hann greiddi honum fé úr eftir uppgjörðinni. Stefndi hefir afdráttarlaust neitað því, að borgun hafi átt sér stað á hinni umkröfðu skuld með skuldajöfnuði, á þann hátt, er áfrýjandi hefir haldið fram, og hefir hann lagt fram til sönnunar sínu máli umræddan sóttvarnarkostnaðarreikning, að upphæð kr. 80,90, með áritaðri kvittun áfrýjanda. Sannar þessi kvittun áfrýjanda á reikningnum að visu eigi, að eigi hafi átt sér stað skuldajöfnuður við greiðslu hans, en þar sem áfrýjandi hefir eigi getað sýnt kvittun fyrir uppboðsskuldareftirstöðvunum, sem upphæðin á að mestu að hafa gengið til að borga, þá hvílir auðvitað á honum sönnunarbyrðin, að því leyti sem hann heldur því fram, að eftirstöðvarnar hafi verið borgaðar með tédum skuldajöfnuði. En þó að áfrýjandi hafi eigi getað sýnt kvittun fyrir uppboðsskuldareftirstöðvunum, þá virðist hann þó hafa leitt töluverðar líkur að því, að skuldinni hafi verið lókið á þann hátt, er hann hefir skýrt frá, og er sérstaklega í því tilliti þýðingarmikil tilvísun hans til uppgjörð-

arinnar á öllum viðskiftum þeirra sýslumanns 1899, er sýslumaður slepti sýslunni, því það verður að telja mjög ósennilegt, að sýslumaður hefði við þetta tækifæri greitt áfrýjanda innieignir hans allar í sama búinu, sem uppboðsskuldarpophæðin átti að renna til, án þess að þessi skuld, sem löngu var fallin í gjalddaga, væri borguð um leið, og hefir þó sýslumaður kannast við að hafa munað eftir uppboðsskuldinni við þetta tækifæri. Þegar í sambandi við þetta er athuguð tilfærsla áfrýjanda í reikningsviðskiftabók hans, sem stefndi hefir eigi beinlínis neitað að væri sönn, þó að hann mót-mælti gildi hennar með almennum orðatiltækjum, þá þykir rétt að láta úrslit þessa máls vera komin undir eidi áfrýjanda, eins og hann hefir krafist til vara, þannig, að ef áfrýjandi synjar fyrir það með eidi, að hann hafi meðtekið meira í peningum af sýslumanni, af upphæð fyrteðs sóttvarnarkostnaðarreiknings, en  $(kr. 80,90 \div kr. 70,04 =)$  kr. 10,86, þá skuli hann vera sýkn af kærnum og kröfum stefnda í máli þessu, og ber þá stefnda að greiða honum í málskostnað 30 krónur; en treysti hann sér eigi til vinna svofeldan eidd, á gestaréttardómurinn að vera óraskaður, og ber þá áfrýjanda að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

**Því dæmist rétt vera:**

Ef áfrýjandinn Þórður J. Thoroddsen hér-  
aðslæknir eftir löglegan undirbúning á sínu  
varnarþingi vinnur eidd að því, að hann hafi

eigi meðtekið meira í peningum af sýslumanni Franz Siemsen af upphæð sóttvarnarkostnadarreiknings þess, að upphæð kr. 80,90, er um er getið í málinu, en kr. 10,86, þá skal hann vera sýkn af kærnum og kröfum stefnda Kristjáns Ó. Þorgrímssonar fyrir hönd sýslumanns Franz Siemens, og skal stefndi þá greiða honum í málskostnað 30 krónur; en treysti áfrýjandi sér eigi til að vinna svofeldan eið, á gestaréttardómurinn að vera óraskaður, og ber þá áfrýjanda að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 45/1901:

Skúli Árnason  
gegn  
Birni Jónssyni.

#### Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði Skúli Árnason, héraðslæknir í Grímsnesslæknishéraði, gegn Birni ritstjóra Jónssyni út af ummælum um hann í blaðinu Ísafold, er hann taldi meiðandi fyrir sig, og var málið dæmt fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 25. apríl f. á. með þeim úrslitum, að Björn ritstjóri Jónsson var dæmdur sýkn af kærnum og kröfum Skúla héraðslæknis Árnasonar og málskostnaður látinn falla niður.